

Fimmtudaginn 10. ágúst 1989.

Nr. 205/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Guðnýju Bæringsdóttur.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1989. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var 27. júlí 1989 á dómþingi sakadóms Reykjavíkur kynnt kæra ríkissaksóknara. Kvaðst hún ekki gera neinar athugasemdir við kröfur ákærvaldsins.

Aðfaranótt 28. desember 1988 var varnaraðili handtekin vegna grunar um ölvun við akstur. Reyndist vínandamagn í blóði hennar 0,94 ‰. Hinn 5. apríl 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Norður-Múlasýslu að greiða 30.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og að sæta ökuleyfissviptingu í 18 mánuði frá þeim degi að telja. Var brot hennar í dómsáttinni talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Hinn 12. júní 1985 samþykkti varnaraðili í sakadómi Reykjavíkur sektargreiðslu fyrir að hafa 24. apríl 1985 ekið bifreið undir áhrifum áfengis og að sæta sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði frá 14. maí 1985. Brot hennar var heimfært undir 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968.

Í 3. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 segir: „Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en tvö ár....“ Brot varnaraðila er ítrekað, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Framangreind málalok um ökuleyfissviptingu voru því óheimil að lögum. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt gerð í sakadómi Reykjavíkur 12. júní 1985.

Ár 1985, miðvikudag 12. júní, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Unu Þóru Magnúsdóttur. Fyrir er tekin kæra á hendur Guðnýju Bæringsdóttur fyrir umferðarlagabrot. Dómari leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: 1) bréf lögreglustj., 2) skjalaskrá og fylgiskjöl.

Kl. 14.00 kemur í dóminn kærða Guðný Bæringsdóttir sjómaður, heimili Brekkuseli 18, Reykjavík, nafnnr. 3150-9688, fædd 12.6.1963 í Reykjavík.

Kærðu er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærða játar, að efni kærunnar sé rétt, að hún hafi ekið biftr. G 15562 miðvikud. 24. apríl sl. undir áhrifum áfengis.

Dómari skýrir nú kærðu frá því, að í blóðsýni því, sem úr henni var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,34 ‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómari kærðu að ljúka málinu þannig, að hún fallist á að greiða 10.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera svipt ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hennar þykir efnislega varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., umfl.

Kærða samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 20. júlí, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærða samþykkir að greiða málskostnað, 1.161,00 kr., fyrir sama tíma.

Kærðu er gert ljóst, að ökuleyfisviptingin gildir frá 14.5.1985.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.
